

Fjölbrautaskóli
Suðurnesja



Leiðarljós og
áherslur skólanefndar FS,
ásamt aðgerðaáætlun til
ársins 2028.

apríl 2018

Inngangur

Í ágúst 2017 leitaði Böðvar Jónsson, formaður skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja, til RR ráðgjafar um að aðstoð við að setja fram leiðarljós skólanefndar og aðgerðaráætlun til næstu 5-10 ára. Þar komi fram áherslur í starfi skólans sem stuðla að sem bestri þjónustu við íbúa á starfssvæði skólans og tengslum hans við atvinnu-, félags- og menningarlíf.

Markmið verkefnisins er að skólanefnd Fjölbrautaskóla Suðurnesja marki sér leiðarljós og stefnu og leggi fram tillögu að aðgerðaáætlun til næstu 5 ára, þar sem fram komi áherslur í starfi skólans sem stuðla að sem bestri þjónustu við íbúa á starfssvæði skólans og tengslum hans við atvinnu-, félags- og menningarlíf. Ennfremur sé áætlunin stuðningur við framtíðarsýn og stefnu skólastjórnenda og það innra starf sem fram fer innan veggja skólans og byggi undir starfsemi hans til framtíðar. Við vinnslu verkefnisins var ákveðið að miða aðgerðaáætlunin við 10 ára tímabil.

Í verkefninu var ekki farið í greiningu á starfsemi skólans eða stefnumörkun. Nýlegar úttektir og greiningar á starfseminni liggja fyrir t.d. í ársskýrslu ársins 2016, Ytra mat frá árinu 2016 og Stefnumótun ríkisaðila, þar sem er að finna aðgerðaáætlun skólans til þriggja ára (2018-2020). Ráðgjafi rýndi þau gögn og er vísað til þeirra í umfjölluninni.

Vinnulag

Haldnir voru tveir vinnufundir með skólanefnd og skólastjórnendum þar sem hver og einn lýsti sinni sýn og áherslum varðandi skólastarf Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Að þeim fundi loknum tók ráðgjafi niðurstöður saman og lagði fram tillögur að áherslum og verkefnum.

Á öðrum vinnufundi var farið yfir áhersluatriði og verkefni, og kortlagðar þær aðgerðir sem nauðsynlegt er að grípa til, svo stefnunni verði komið til framkvæmda.



Mynd 1 Frá vinnustofu I

Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Fjölbrautaskóli Suðurnesja varð til árið 1976 við samruna framhaldsdeildar Gagnfræðaskólans í Keflavík og lðnskóla Suðurnesja. Skólinn hefur verið á sama stað frá upphafi en nokkrum sinnum hefur verið byggt við til að mæta auknum fjölda nemenda. Nýjasti hluti hússins var tekinn í notkun árið 2004.

Markmið FS er að vera einn af bestu framhaldsskólum landsins með sérstaka áherslu á gæði og fjölbreytt nám. Leitast er við að mæta breiðum hópi nemenda á Suðurnesjum með því að bjóða margs konar og mislangar námsleiðir. Lögð er áhersla á fjölbreytni í námsleiðum og námslokum. Gildi Fjölbrautaskóla Suðurnesja eru Virðing-Samvinna-Árangur.

Nemendafjöldi er nú um 900 en nemendur hafa flestir verið rúmlega 1.250, í kjölfar efnahagshrunsins. Starfsmenn skólans eru 100, þar af rúmlega 60 kennarar.


Í skýrslunni *Ytra mat frá árinu 2016*, sem unnin var fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið fær skólinn afar góða umsögn. Hann þykir hafa sterk tengsl við sveitarfélög, atvinnulíf og grunnskóla á Suðurnesjum. Skólinn á sér skýra stefnu og framtíðarsýn sem markvisst er unnið að í skólastarfinu. Tiltekið er að starfsmenn hafi komið að stefnumótun skólans með margvíslegum hætti.

Stjórnendur skólans fá góða umsögn. Í viðhorfakönnunum stéttarfélaganna meðal starfsmanna kemur fram að skólameistari nýtur mikils trausts og er sterkur leiðtogi. Skipurit þykir vera í samræmi við verkaskiptingu og boðleiðir milli starfsmanna greiðar.

Starfsmannvelta er lítil og samskipti starfsfólks opin og hreinskiptin og samstaða mikil. Kennarar skólans eru vel menntaðir, reynslumiklir og viljugir til nýbreytni í kennsluháttum. Þeir láta vel af því að starfa við skólann.

Vel er fylgst með líðan nemenda og unnið að því að aðstoða nemendur með sértæka námsörðugleika og þá sem eru félagslega einangraðir.

Samstarf skólans við foreldra er með ágætum. Skólinn upplýsir foreldra reglulega um skólastarfið og foreldrar eiga greiða leið að kennurum og öðrum starfsmönnum skólans með fyrirspurnir og annað er nám barna þeirra varðar.



Húsnæði skólans og allur aðbúnaður til kennslu er almennt talinn viðunandi og margt þar til fyrirmyndar. Hins vegar hefur skólinn ítrekað lagt áherslu á að stækka þurfi samkomu- og íverurými nemenda. Þá er aðstaða verknámsbrauta lítil og kennslubúnaður þar gamall. Hvorki hafa fengist fjárveitingar til búnaðarkaupa né býður húsnæðið upp á aðstöðu til uppfærslu búnaðar vegna plássleysis.

Mynd 2 Frá vinnustofu I

Aðgerðaáætlun í starfsemi skólans til ársins 2020 er lýst í skjalinu Stefnumótun ríkisaðila 2018-2020. Áætlunin er skilmerkilega fram sett og aðgerðir tímasettar. Markmið eru mælanleg eins og kostur er.

Fjölbrautaskóli Suðurnesja er stór og öflugur framhaldsskóli með traustan rekstur og skýra framtíðarsýn. Markmið verkefnisins er að setja fram leiðarljós og stefnu skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja og tillögu að framkvæmdaáætlun til næstu 10 ára. Sú vinna er í samræmi við stefnumörkun Fjölbrautaskólans og styður við þær aðgerðir er skólastjórnendur hafa þegar lagt fram.

Lagaumhverfið

Skólinn er rekinn af ríkinu í samstarfi við sveitarfélögin á Suðurnesjum á grundvelli laga um framhaldsskóla nr. 92/2008.

Hlutverk skólanefnda er skilgreint í 5. gr. laganna, en þar segir að hlutverk skólanefndar sé að:

- a) marka áherslur í starfi skólans og stuðla að sem bestri þjónustu við íbúa á starfssvæði skólans og tengslum hans við atvinnu-, félags- og menningarlíf,
- b) vera skólameistara til samráðs um námsframboð skóla,

- c) staðfesta skólanámskrá að fenginni umsögn almenns skólafundar og fylgjast með framkvæmd hennar,
- d) veita skólameistara umsögn um árlega starfs- og fjárhagsáætlun í samræmi við niðurstöður fjárlaga og fylgjast með framkvæmd hennar,
- e) vera skólameistara til samráðs um fjárhæð þeirra gjalda sem skólameistari ákveður skv. 45. gr.,
- f) vera skólameistara til samráðs um samninga sem viðkomandi skóli gerir,
- g) vera skólameistara til samráðs um starfsmannamál,
- h) veita ráðherra umsögn um umsækjendur um stöðu skólameistara.

Hlutverk skólameistara er skilgreint í 6. gr. sömu laga, en þar segir að hlutverk skólameistara sé að veita framhaldsskóla forstöðu. Hann stjórnar daglegum rekstri og starfi framhaldsskóla og gætir þess að skólastarfið sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma. Hann ber ábyrgð á gerð fjárhagsáætlunar og að henni sé fylgt og hefur frumkvæði að gerð skólanámskrár og umbótastarfi innan skólans.

Stjórn skólans og endanleg ábyrgð á rekstri hans er þannig í höndum skólameistara sem sækir umboð sitt til menntamálaráðherra. Hlutverk skólanefndar er að vera skólameistara til ráðgjafar og stuðnings við sín störf, og vera tengiliður við samfélagið og aðra hagsmunaaðila. Afar mikilvægt er að skólameistari og skólanefnd hafi sameiginlega sýn á hlutverk og verkefni skólanefndarinnar. Í vinnu skólanefndar og skólameistara hefur komið vel fram að sýnin er sambærileg, og í samræmi við lögin. Markmið skólanefndar er að sú stefnumörkun og aðgerðaáætlun sem lögð er fram verði skólanum, nemendum og íbúum á starfssvæði skólans til framdráttar og auðveldi skólameistara að sinna hlutverki sínu.

Skólanefnd Fjölbrautaskóla Suðurnesja skilgreinir hlutverk sitt á eftirfarandi hátt:

- Skólanefnd er skólameistara til ráðgjafar um starfsemi skólans í samræmi við lög um framhaldsskóla, m.a. um nýsköpun í skólastarfi.
- Skólanefnd sinnir eftirfylgd stefnumótunar og verkefna, m.a. með því að yfirfara áætlanir og ársskýrslur.
- Skólanefnd er tengiliður nærsamfélagsins á Suðurnesjum við skólann, þ.m.t. við atvinnulíf og aðra hagsmunaaðila.
- Skólanefnd sinnir hagsmunagæslu fyrir hönd skólans í samstarfi við skólameistara, m.a. gagnvart alþingi, ríkinu og sveitarfélögunum.
- Skólanefnd heldur jákvæðum staðreyndum um skólastarfið á lofti og styður við jákvæða ímynd Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Framtíðarsýn og áherslur skólanefndar FS

Sem fyrr segir er markmið FS að vera einn af bestu framhaldsskólum landsins með sérstaka áherslu á gæði og fjölbreytt nám. Lögð er áhersla á fjölbreytni í námsleiðum og námslokum. Gildi Fjölbrautaskóla Suðurnesja eru Virðing-Samvinna-Árangur.

Framtíðarsýn og áherslur skólanefndar FS kallast á við markmið skólans. Framtíðarsýn skólanefndar er að Fjölbrautaskóli Suðurnesja byggist upp við Sunnubraut og verði um 1.200-

1400 nemenda skóli, með fjölbreytt námsframboð, ánægða nemendur og starfsfólk sem starfi



STÆRSTA FRÉTTA- OG AUGLÝSINGABLAÐIÐ Á SUÐURNESJUM

Fimmtudagur 22. febrúar 2019 // 8.tbl. // 42. árg.

Lý félagsaðstaða nemenda FS
-samningur um hönnun næsta áfanga
undirritaður-

Lilja Alfreðsdóttir menntamálaráðherra opnaði gær nýja félagsaðstöðu nemenda Fjölbrotaskóla Suðurnesja við hátíðlega athöfn. Við sama tækifæri var undirritaður samningur um fullnaðarhönnun skólahúsnæðis fyrir 1.200 nemenda skóla. Gert er ráð fyrir að skólinn verði fullbyggður árið 2028, með stærri og betri aðstöðu til kennslu í verk- og tæknigreinum. „Heimamenn hafa verið afar duglegir að halda skólanum sínum á lofti og árangurinn er eftirtektarverður. Mér var boðið að vera viðstödd skólaslit vorið 2018, sem markaði upphafið að mjög uppbyggilegu samtali við skólastjórnendur FS.“ sagði Lilja við undirritunina.

Mikil fjölgun nemenda í styttri námsleiðum

Starfsfólk FS tók á móti áhugasömu starfsfólki annarra framhaldsskóla af öllu landinu til að kynna hvernig námsframboð breyttist í kjölfar þess að skólinn hóf að greina þarfir nemenda og atvinnulífs með markvissum hætti árið 2019. Nemendum í styttri námsleiðum hefur fjölgað mikið, sérstaklega í greinum sem snúa að ferðaþjónustunni, svo sem grunnnámi matvæla og ferðamálanámi. „Það skipti höfuðmáli að atvinnulífið viðurkendi námið til hækkunar launa. Þá sáu krakkarnir tækifæri í námsleiðunum. Reglubundin samskipti okkar við fyrirtækin á svæðinu skiluðu auknum skilningi.“ segir Kristján Ásmundsson skólameistari.

Lesskilningur barna af erlendum uppruna hvergi meiri en í FS
Samstarfsverkefni FS og sveitarfélaganna fjögurra á Suðurnesjum sem hófst haustið 2018 hefur skilað miklum árangri. „Þetta er langhlaup sem skilar árangri með markvissu samstarfi við sveitarfélögin og virkri þátttöku fólks af erlendum uppruna.“ segir Jóna Sveinsdóttir verkefnastjóri fjölmenningar í Fjölbrotaskóla Suðurnesja. Ánægja og líðan nemenda af erlendum uppruna hefur varið stígvaxandi undanfarin ár, en þeir eru nú um 40% af nemendafjölda skólans.

Í sátt við samfélagið á Suðurnesjum.

Mynd 3 Frá vinnufundi II. Forsíða sem sýnir fréttir framtíðarinnar af skólastarfi

Skólanefnd hyggst starfa í samræmi við eftirfarandi gildi sem hún hefur sett sér:

Samstaða-Jákvæðni-Nýsköpun

Áherslur skólanefndar eru eftirfarandi :

- Skólanefnd leggur áherslu á að FS verði áfram í fremstu röð framhaldsskóla á Íslandi, þannig að íbúar geti verið stoltir af skólanum sínum.
- Skólanefnd leggur áherslu á að skipulag skólastarfs, námsframboð og þjónusta byggji á þörfum nemenda skólans og samfélagsins á Suðurnesjum.
- Skólanefnd leggur áherslu á nýsköpun í námsframboði og kennsluháttum í samræmi við þarfir nemenda og atvinnulífs.
- Skólanefnd leggur áherslu á að efla tengsl skólans við íbúa, atvinnulíf og stjórn málin á Suðurnesjum.
- Skólanefnd leggur áherslu á að virkja bakland FS enn betur í hagsmunagæslu fyrir starfsemi skólans. Hagsmunagæslan mun byggjast á þörfum samfélagsins og skólans hvað varðar þjónustu og húsnæði. Í hagsmunagæslu felst að tryggja FS fullnægjandi fjármagn og hafa áhrif á að það regluverk er skólinn starfar eftir sé í samræmi við þarfir samfélagsins á Suðurnesjum og skólastarfsins.
- Skólanefnd leggur áherslu á að allir hagsmunaaðilar í baklandi skólans haldi jákvæðum staðreyndum um skólastarfið á lofti.

Aðgerðaáætlun til ársins 2028

Á vinnufundum skólanefndar voru fjölmörg verkefni og aðgerðir ræddar. Skólanefnd hefur forgangsraðað verkefnum niður á ár út starfstíma þeirrar skólanefndar sem nú situr. Að mati skólanefndar er nauðsynlegt að grípa til eftirfarandi aðgerða til að ná fram markmiðum Fjölbrotaskóla Suðurnesja og framtíðarsýn og áherslum skólanefndar.

Verkefni eru flokkuð þannig að í fyrsta flokki eru verkefni sem hægt er að vinna nú þegar og hafa ekki mikinn kostnað í för með sér. Í öðrum flokki eru verkefni sem skuli vera lokið árið 2019 og í þriðja flokki verkefni sem skuli vera lokið árið 2021. Í fjórða flokki eru loks aðgerðir sem skuli lokið árið 2028, en meiri óvissa ríkir um það tímabil.

Í algjörum forgangi er að bæta félagsaðstöðu nemenda með viðbyggingu. Hönnun breytinganna er fyrirliggjandi og á fjárlögum ársins 2018 er gert ráð fyrir fjármagni til verkefnisins. Sveitarfélögin á Suðurnesjum hafa öll samþykkt þátttöku í verkefninu og er það núna til umfjöllunar hjá Framkvæmdasýslu ríkisins. Vonir standa til þess að framkvæmdir hefjist á árinu 2018 og ljúki undir lok árs eða í byrjun árs 2019.

Drifum þetta í gang!

Verkefni	Lýsing	Ábyrgð	Tími
Menntamálaráðherra í heimsókn	Kynna starfsemi skólans og koma áherslum skólanefndar á framfæri	Jóhann	Vor 2018
Meta þarfir nemenda	Meta þjónustuparfir nemenda með könnun. Leita upplýsinga hjá Hönnu Maríu Kristjánsdóttur úr verkefni um eflingu náms á Suðurnesjum.	Böðvar.	Vor 2018.
Meta þarfir atvinnulífs	Meta þarfir atvinnulífs á Suðurnesjum í samstarfi við Hekluna og SAR. Fyrsta skref verði fundur með framkvæmdastjórum félaganna.	Böðvar.	Sumar 2018.
Þarfagreining húsnæðis og tækja	Greina hvaða þarfir skólinn hefur fyrir starfsemi sína til ársins 2021.	Skólameistari og framkvæmdasýsla ríkisins.	Verkefnið er hafið.
Hagsmunagæslan	Skapa samstöðu um framtíðarsýn skólans meðal hagsmunaðila og bakhjarla á Suðurnesjum. Virkja baklandið sem hagsmunaverði fyrir skólann. Efla tengsl skólans við samfélagið, atvinnulífið og stjórn málin. Fyrsta skref að skólameistari haldi	Skólameistari og skólanefnd.	Verkefnið er hafið og er viðvarandi.

	kynningar fyrir SAR og sveitarstjórnarfólki.		
Skilgreina ábyrgð á kynningarmálum skólans	Ákveða hvernig kynningarmálum verði háttað og hvort ráðinn verði starfsmaður til verksins.	Skólameistari.	Haust 2018.
Samstarf markaðsmálum	í Koma á samstarfi við Markaðsstofu Reykjaness um markaðssetningu skólans og þátttöku FS í verkefninu „Höfum góða sögu að segja“. Fyrsta skref er að funda með formanni og framkvæmdastjóra Markaðsstofunnar.	Ólafur og Böðvar.	Vor/sumar 2018.
Mjúka færnin	Á starfsdögum kennara verði fræðsla um tilfinningagreind og aðra „mjúka færni“. Frjór jarðvegur meðal starfsmanna.	Skólameistari.	Starfsdögum kennara við lok skólaárs eða upphaf þess næsta.

Árið 2019

Verkefni	Lýsing	Ábyrgð	Tími
Félagsaðstaða nemenda	Viðbygging tilbúin og aðstaðan komin í not.	Skólameistari og framkvæmdasýsla ríkisins.	Lokið fyrri hluta árs 2019.
Fjölmeningarmál	Verkefnastjóri fjölmeningar kominn til starfa. Aukin þjónusta við nemendur af erlendum uppruna.	Skólameistari og skólanefnd.	Ráðning sumar 2019.
Kynningarmál	Kynningarfulltrúi ráðinn í x stöðugildi. Staðreyndum og jákvæðum skilaboðum haldið á lofti. Reglulega sagt frá árangri útskrifaðra nemenda.	Skólameistari.	Ráðning sumar 2019.

Vinnuskólaverkefni fyrir alla	Vinnuskólaverkefnið verði í boð fyrir alla nemendur á Suðurnesjum. Samstarf við sveitarfélögin og SAR.	Skólameistari.	Starfrækt sumar 2019.
Jafnlaunavottun	Jafnlaunavottun FS lokið.	Skólameistari.	Vinna hefst árið 2018 og niðurstaða liggja fyrir samhliða ársskýrslu 2019.

Árið 2021

Verkefni	Lýsing	Ábyrgð	Tími
Hönnun skólabyggingar	Hönnun fyrir fullfrágengin 1.200-1.400 nemenda skóla við Sunnubraut tilbúin ásamt framkvæmdaáætlun. Verkefnið komið á fjárlög.	Skólameistari og skólanefnd.	Haust 2021.
Grunnnám matvæla-og ferðagreinum	Í Námið hefur fest sig í sessi og atvinnulífið viðurkennt það í kjörum nemenda sem útskrifast. Auka þarf skilning atvinnulífs á gildi námsins.	Skólameistari og skólanefnd.	Í boði á vorönn 2021.
Mjúka færnin	Aukin áhersla á að þjálfa mjúka færni í almennri kennslu, svo sem tilfinningagreind og samskiptahæfni. Núvitund, heimspeki og frumkvöðlafræðsla er komin í námsskrá.	Skólameistari og skólanefnd.	Í boði á vorönn 2021.
Tækni- og skapandi greinar	Framboð af greinum og rýmum í tækni-og skapandi greinum hefur aukist í samræmi við greiningu á þörfum nemenda og	Skólameistari og skólanefnd.	Í boði á vorönn 2021.

	atvinnulífs. Aðstaða til verknámskennslu betri í samræmi við fullnaðarhönnun skólans.		
--	---------------------------------------------------------------------------------------	--	--

Árið 2028

Verkefni	Lýsing	Ábyrgð	Tími
Fullbyggður skóli	Fullbyggður 1.200-1.400 nemenda skóli við Sunnubraut tilbúinn.	Skólameistari og skólanefnd	
Fjórða iðnbyltingin	Óvissa um umhverfi menntastofnana	Skólameistari og skólanefnd	

Næstu skref

- Ráðgjafi leggur til skólanefnd fjalli um og afgreiði ofangreindar tillögur. Í framhaldi af því verði þær kynntar starfsfólki skólans, nemendum og öðrum hagsmunaaðilum til að festa áherslurnar og aðgerðaáætlunina í sessi.
- Aðgerðaáætlun er eðli sínu lifandi skjal. Lagt er til að skólanefnd taki aðgerðaáætlunina fyrir á fundum sínum, ekki sjaldnar en fjórum sinnum á ári, og meti stöðu verkefna, uppfæri og endurmeti aðgerðir.